

Sæll Kristófer

með vísun í samtal okkar sl. þriðjudag, viljum við beina eftirfarandi erindi til sveitastjórnar.

Við hjónin erum að kanna fýsileika þess að festa kaup á lóðunum Árhraun 3A-3E og jafnvel lóð 3. Fýsileiki þess ræðst mikið af því hvers konar landnýting verður leyfð í landi Árhrauns og hvað byggingarleyfi kunna að verða veitt, þar með talið lóðir 1 og 4 sem eru í Eigu Ingu Fanneyjar.

Þess skal getið að Sigurður Egill er sonur Ingu Fanneyjar Egilsdóttur, sem á Árhraun 4 og 1, en hún hefur stundað skógrækt um árabil á Árhrauni 1 auk þess að leggja og hefla veg/vegslóða í gegnum þá lóð.

Við óskum eftir upplýsingum um hvort sveitarstjórn sé jákvæð fyrir eftirfarandi hugmyndum um landnýtingu á lóðum í landi Árhrauns. Ef svörin eru mismunandi eftir því um hvaða lóð ræðir (t.d. ef flóðahætta er meiri eftir því sem norðar er farið), væri mjög gott að fá upplýsingar um það líka.

- Skógrækt
- Útivistarsvæði fyrir menn og dýr (t.d. hunda eða hestagerði).
- Beitarland
- 1-3 sumarbústaðir fyrir okkur og börn/nánustu fjölskyldu
- Einbýlishús fyrir fasta búsetu
- Frístundabyggð
- Ferðaþjónusta ?

Með fyrirfram þökk fyrir aðstoðina,
Sigurður Egill Sigurðsson
Brynja Björg Halldórsdóttir